

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við opnun sýningar í tilefni af 50 ára afmæli Sagnfræðistofnunar.**

**Haldið í Þjóðarbókhöðunni fimmtudaginn 2. september 2021 kl. 16.00.**

Forseti Íslands, mennta- og menningarmálaráðherra, landsbókavörður, forstöðumaður Sagnfræðistofnunar, forseti Hugvísindasviðs, sýningarstjórar, góðir gestir.

Það er mér heiður og ánægja að segja fáein orð hér við opnun sýningar í tilefni af 50 ára afmæli Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands – en svo skemmtilega vill til að á þessu ári eru jafnframt liðin 110 ár frá stofnun Háskóla Íslands.

Þegar horft er yfir sögu Háskóla Íslands er henni gjarnan skipt í þrjú megingímabil. Er þá fyrsta tímabilið, sem nær frá stofnun árið 1911 til u.þ.b. 1960, jafnan nefnt *embættismannaskólinn*, enda var það helsta hlutverk skólans fyrstu áratuginna að mennta embættismenn, bæði í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og við uppbyggingu hins nýstofnaða lýðveldis. Annað tímabilið, sem náði frá því um 1960 til 1990, er oft nefnt *grunnmenntunarskólinn* og einkenndist af aukinni breidd og fjölgun greina, en kennslan var enn mestmegnis á grunnnámsstigi og rannsóknastarf takmarkað. Undir lok síðustu aldar hófst svo tímabil *rannsóknaháskólans* sem varir enn í dag.

Þessi skipting í tímabil felur vissulega í sér nokkra einföldun og þegar leið á tímabil grunnámsskólans fór fram vaxandi umræða um að

ráðast þyrfti í átak til að efla vísindastarfsemi Háskóla Íslands – og á þessum árum eru stigin fyrstu skrefin í átt til rannsóknaháskólans, m.a. með stofnun Handritastofnunar Íslands og Raunvísindastofnunar Háskólans, svo dæmi séu tekin.

Sagnfræðistofnun, sem upphaflega hét Rannsóknastofnun í söguvísindum, var einmitt sett á laggirnar á þessum gerjunartíma árið 1971. Einn helsti hvatamaður að stofnuninni var Björn Þorsteinsson sagnfræðingur og má segja að hann hafi lagt línurnar strax í upphafi með því að leggja áherslu á að stofnunin skapaði aðstöðu og skilyrði fyrir akademískar sagnfræðirannsóknir. Óhætt er að segja að Sagnfræðistofnun hafi staðið undir væntingum og hefur starfsemin eflst og dafnað á undanförunum 50 árum. Auk þess að vera vettvangur fyrir frumrannsóknir í sagnfræði gengst stofnunin fyrir margvíslegum ráðstefnum, málþingum, námskeiðum og fyrirlestrum, auk þess að standa fyrir fjölbreyttri útgáfustarfsemi og sýningarhaldi, eins og við erum vitni að hér í dag. Á síðari árum hefur Sagnfræðistofnun bæst öflugur liðsauki með því að námsbraut í fornleifafræði og hagnýt menningarmiðlun gerðust aðilar að henni.

Með öllu þessu hefur Sagnfræðistofnun lagt fram afar dýrmætan skerf til að efla íslenska sagnfræði og jafnframt að gera Háskóla Íslands að þeim alþjóðlega rannsóknaháskóla sem hann er í dag.

Ég vil ljúka máli mínu á að óska aðstandendum Sagnfræðistofnunar til hamingju með 50 ára afmælið um leið og ég vil lýsa þeirri sannfæringu minni að framtíð stofnunarinnar er björt.